

## Jörfagleði 2011

Jörfagleði verður haldin dagana 15. – 20. apríl nk. Undirbúningur stendur yfir og er dagskráin óðum að taka á sig mynd. Skipulag er í höndum menningar- og ferðamálanefndar Dalabyggðar.

Allir þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í hátíðinni með einum eða öðrum hætti eru vinsamlegast beðnir um að snúa sér sem fyrst til nefndarmanna, svo hægt verði að koma viðburðinum inn í dagskrá hátíðarinnar. Jörfagleði er hátíð fólksins og þess vegna leggur nefndin áherslu á það að allir eru velkomnir til leiks, eins og alltaf.

Í apríl verður opnuð síða inn á Dalavefnum tileinkuð Jörfagleðinni. Einnig hefur verður opnuð facebook-síða í sama tilgangi. Dalapóstur um Jörfagleði kemur svo út í apríl. Þeir sem vilja auglýsa í bæklinginum hafi samband við nefndarmenn sem fyrst.

*Herdís Erna, Jón Egill, Halla Sigríður, Ólafur og Íris Björg*

## Skrifstofa Dalabyggðar

**Símatími:** mánudaga – föstudaga kl. 9 – 13

**Opnunartími:** mánudaga – föstudaga kl. 10 – 14

## Endurvinnslustöðin í Búðardal

Opnunartímar

þriðjudaga 15 – 18

fimmtudaga 15 – 18

laugardaga 11 – 14



# Dalapósturinn

2. tölublað 2011

## Byggðarráð Dalabyggðar

# Fundur um atvinnumál

## Stoðkerfi atvinnulífsins á Vesturlandi

Möguleikar í ferðaþjónustu

**Leifsbúð, Búðardal**

**Fimmtudaginn 24. mars, kl. 18**

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.

Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

# Fundur um atvinnulíf

## Stoðkerfi atvinnulífsins á Vesturlandi

### Möguleikar í ferðaþjónustu

Byggðarráð Dalabyggðar boðar til opins fundar um atvinnumál. Fundurinn verður haldinn í Leifsbúð í Búðardal fimmtudaginn 24. mars nk. og hefst kl. 18.

### Framsögumenn

#### Ólafur Sveinsson – Atvinnuþróun SSV

Samkvæmt samningi milli Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Byggðastofnunar rekur SSV ráðgjafa- og þróunardeild. Verkefni felast m.a. í að vera einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarstjórnnum til aðstoðar á sviði atvinnumála. Ítarlegri upplýsingar má finna á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, [www.ssv.is](http://www.ssv.is)

#### Torfi Jóhannesson – Vaxtarsamningur Vesturlands

Vaxtarsamningur Vesturlands er samningur milli iðnaðarráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Samningurinn er til fjögurra ára og gert er ráð fyrir 25 milljóna króna fjárframlagi á hverju ári, sem er að mestu ráðstafað í styrki til nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna á Vesturlandi. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Vaxtarsamnings Vesturlands, [www.vaxtarsamningur.is](http://www.vaxtarsamningur.is).

#### Rósa Björg Halldórsdóttir – Markaðsstofa Vesturlands

Rósa Björg sem nýkomin er til starfa sem forstöðumaður Markaðsstofu mun einnig gera grein fyrir klasanum „Í ríki Vatnajökuls“ sem hún hefur stýrt síðustu misserin. Hlutverk Markaðsstofu er að samþætta markaðs- og kynningarstarf á Vesturlandi, þannig að markaðssetning landshlutans sé unnin á einum stað í samstarfi ferðaþjónustuaðila, sveitarfélaga, klasa og samtaka innan svæðisins. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Markaðsstofu Vesturlands, [www.vesturland.is](http://www.vesturland.is)

#### Kristján Ágúst Magnússon – Ferðaþjónustan Snorrastöðum

Á Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi er rekin fjölbreytt ferðaþjónusta, auk kúabúskapar árið um kring. Sumarbústaðir, svefnpokagisting, tjaldsvæði og hestaleiga. Heimasíða Snorrastaða er [www.snorrastadir.is](http://www.snorrastadir.is)

Boðið verður upp á kaffi og fundarmenn geta keypt sér súpu á fundinum. Gert er ráð fyrir að fundarlok verði um kl. 20.

Fundurinn er sá fyrsti í fundaröð um atvinnumál sem byggðarráð stendur fyrir á árinu. Afmarkað umræðuefni verður tekið fyrir hverju sinni. Gert er ráð fyrir næsta fundi í aprílmánuði og síðan verði fundaröðinni fram haldið í september.

Verið er að vinna að dagskrá næstu funda, en meðal efnis sem á áætlun eru:

- heimavinnsla landbúnaðarafurða
- vistvæn orkuvinnsla
- forðabúr fjörunnar
- smábátaútgerð
- afþreying og menningartengd ferðaþjónusta
- hótél- og veitingarekstur

Hafi menn góðar hugmyndir að fundarefni og/eða framsögumönnum eru þær alltaf vel þagnar.

*Byggðarráð Dalabyggðar*